

Miðvikudaginn 3. maí 1989.

Nr. 134/1989. **Ásgeir Einarsson**

gegn

Útvegsbanka Íslands hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásgeir Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 9. maí 1989.

Nr. 136/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurði Markúsi Sigurðssyni.

Kærumál. Meðferð opinberra mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. apríl sl. Hann krefst þess, að úrskurðurinn „verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur lýst rétt og skylt að taka til dómsmeðferðar og dómsálagningar ákæruefni fyrrgreindrar ákæru frá 16. júní 1988 ásamt ákæruefnum ákæruskjalanna frá 13. desember 1988 og 12. janúar 1989“.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Verjandi ákærða hefur óskað eftir sameiningu mála samkvæmt greindum ákærum og hefur ríkissaksóknari fallist á það, eins og getið er í hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 74/1974 hefur ríkissaksóknari víðtækt vald til að ákveða, á hvaða varnarþingi höfða skuli opinber mál. Eigi verður talið, að sú breyting, sem gerð var á 115. gr. laga nr. 74/1974 með 19. gr. laga nr. 107/1976, girði fyrir, að ríkissaksóknari breyti ákvörðun sinni um varnarþing, þegar atvikum er svo háttað sem í þessu máli.

Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir saka-dóm Reykjavíkur að taka til dómsmeðferðar ákæruefni samkvæmt áðurgreindum þremur ákærum.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir saka-dóm Reykjavíkur að taka til dómsmeðferðar ákæruefni ákæru frá 16. júní 1988 ásamt ákæruefnum ákæruskjala frá 13. desember 1988 og 12. janúar 1989.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 13. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp þessi úrskurður í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Sigurði Markúsi Sigurðssyni.

Málavextir.

Með ákæru, dags. 13. desember f.á. og 12. janúar sl., var mál höfðað hér fyrir sakadóminum á hendur ákærða, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, fyrir fjársvik og stuldi. Að beiðni verjanda ákærða hefur ríkissaksóknari með tveimur samhljóða bréfum, dags. 15. f.m., til sakadóms Reykjavíkur og bæjarfógetans í Kópavogi mælt fyrir um, að máli á hendur ákærða, sem höfðað var fyrir sakadómi Kópavogs 16. júní sl., skuli „vísað til dóms-meðferðar við sakadóm Reykjavíkur“, og jafnframt óskað þess, „að saka-dómur Kópavogs sendi gögn þess máls í því skyni til sakadóms Reykja-víkur“. Er ákvörðun ríkissaksóknara studd við 3. mgr. 25. gr. og 29. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

Með bréfi 16. f.m. sendi Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari í Kópa-vogi, ákæru og öll gögn málsins til sakadóms Reykjavíkur „samkvæmt fyrir-mælum ríkissaksóknara“. Í ákæru þessari segir, að málið sé höfðað fyrir sakadómi Kópavogs. Þá kemur fram af gögnunum, að héraðsdómari hafði byrjað meðferð málsins með því að láta birta ákærana fyrir ákærða. Ekki er að sjá af gögnunum að héraðsdómarinn eða bæjarfógetinn í Kópa-vogi hafi færst undan því að fara með málið.

Með bréfi til ríkissaksóknara 21. f.m. synjaði dómari málsins í sakadómi Reykjavíkur um að taka við máli því, sem höfðað hafði verið í Kópavogi, þar sem það væri andstætt lögum. Í bréfi ríkissaksóknara til dómars 28. f.m. var tekið fram, að með fyrra bréfinu til sakadóms Reykjavíkur hefði ríkissaksóknari breytt ákærinni, að því er varðaði varnarþingið, og málinu verið vísað til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur. Í bréfinu er ráðstöfun þessi talin vera hagfelldust og eiga stöð í „IV. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sbr. einkum 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. laganna,“ og er krafa ákærvaldsins um dómsmeðferð og dómsálagningu í sakadómi Reykjavíkur jafnframt ítrekuð. Verjandi ákærða hefur fyrir dóminum nú í dag tekið undir kröfugerð ákærvaldsins að þessu leyti.

Niðurstaða.

Ekki verður séð að heimild sé til þess í 25., 28. og 29. gr. laganna um meðferð opinberra mála að reka mál á öðru varnarþingi en því, sem greinir í ákæruskjalinu sjálfu. Verður að skilja svo orðalag 1. mgr. 115. gr. laganna, eins og henni var breytt með 19. gr. laga nr. 107/1976, að það sé beinlínis bannað. Með lagabreytingu þessari var ætlunin sú að girt væri fyrir það, að mál væru færð milli dómstóla eftir útgáfu ákæru, eins og nokkuð kvað að áður. Má í þessu sambandi benda á dóm Hæstaréttar 1982, bls. 3 (I. kafla A i.f.) og sératkvæði, bls. 6.

Óumdeilt er að hagfelld er að reka saman fleiri en eina sök á hendur sama manni, og hefði því átt að höfða öll mál fyrir sama dómstóli, en ekki tveimur eins og gert var. Aftur á móti eiga reglur 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga að leiða til þess að ákærði verði nú ekki verr settur en orðið hefði ef málið hefði verið rekið á hendur honum í einu lagi.

Þá er þess enn að geta að það getur almennt ekki talist í þágu réttaröryggis að ríkissaksóknari geti tekið mál af dómara og fengið það öðrum.

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, ber að synja kröfu ákærvaldsins og verjanda ákærða um, að mál, sem höfðað var fyrir sakadómi Kópavogs með ákæru, dags. 16. júní 1988, á hendur ákærða í máli þessu, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sæti dómsmeðferð og dómsálagningu við sakadóm Reykjavíkur með máli því, sem höfðað var á hendur honum fyrir sakadóminum 13. desember f.á. og 12. janúar 1989.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu ríkissaksóknara um, að mál, sem höfðað var fyrir sakadómi Kópavogs með ákæru, dags. 16. júní 1988, á hendur ákærða í máli þessu, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sæti dómsmeðferð og dómsálagningu við sakadóm Reykjavíkur með máli því, sem höfðað var á hendur honum fyrir sakadóminum 13. desember 1988 og 12. janúar 1989.